ÚTLÁN
Bókasafn Orkustofnunar

Landsvirkjun

Botnskriðsmælingar í Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga árin 2000 og 2001

Mars 2003

VST Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.
VST-2000-0304/09

ORKUSTOFNUN Vatnamælingar
OS-2001/023

OS-2001/023

VST – Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen
VST-2000-0304/09

ORKUSTOFNUN – Vatnamælingar
OS-2001/023

Botnskriðsmælingar í Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga árin 2000 og 2001

Unnið fyrir Landsvirkjun

Mars 2003

Efnisyfirlit

1 Inngangur 7

2 Mælingar við Hjarðarhaga 8

2.1 Aðstæður 9
2.1.1 Árið 2000 9
2.1.2 Árið 2001 9

2.2 Uppsetning mælitækja 10
2.2.1 Rennslismælingar 10
2.2.2 Dýptarmælingar 10
2.2.3 Botnskriðsmælingar 10
2.2.4 Svifaursmælingar 12

3 Niðurstöður 13

3.1 Niðurstöður rennslis- og dýptarmælinga 13
3.1.1 Mælt rennsli 13
3.1.2 Mælt þversnið og dýpi 15

3.2 Niðurstöður botnskriðsmælinga 16
3.2.1 Heildarmagn skriðaurs 25
3.2.2 Samanburður inntaksopa á sýnatökum 25
3.2.3 Umhverfismat Kárahnjúkavirkjunar 26
3.2.4 Kornastærðargreining skriðaurssýna 26

3.3 Niðurstöður svifaursmælinga 35

4 Lokaorð 37

Viðauki: Mæligögn og myndir

Myndalisti

Mynd 1: Vatnasvið Jökulsár á Dal ofan Hjarðarhaga. 8

Mynd 2: Myndir af sýnatökunum við mælistaðinn á Hjarðarhaga, a) minni skriðaurssýnatakinn yfir ánni, b) stærri skriðaurssýnatakinn, og c) eldri og minni skriðaurssýnatakinn. 11

Mynd 3: Meðaldagsrennsli Jökulsár á Dal við Hjarðarhaga 1999-2001 ásamt meðaltali áranna 1950-1994. 14

Mynd 4: Þrjú dýptarsnið í Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga mæld árið 2000. Upphafspunktur dýpis er miðaður við hæsta vatnsborð sem mælt var samhliða rennslismælingu árið 2000, eða 377 cm. Einnig er sýnt vatnsborð við mælingu dýptarsniðanna. 15

Mynd 5: Mældur skriðaursframburður við Hjarðarhaga árin 2000 og 2001. Rúmlega 500 sýni voru tekin. 17

Mynd 6: Mældur skriðaursframburður við Hjarðarhaga árin 2000 og 2001 flokkaður eftir stöðvum. Leitnilínur fyrir hverja stöð eru sýndar. 20

Mynd 7: Mælihópar skriðaursmælinganna í stöðvum 40–80 ásamt öryggismörkum. Sýndar eru leitnilínur fyrir hvert mælitímabil ásamt heildarskriðaurslykli. 21

Mynd 8: Frávik skriðaurslykils fyrir stöðvar 40–80. 22

Mynd 9: Skriðaurslykill fyrir stöðvar 40–80 yfir allt rennslissviðið við Hjarðarhaga.. 22

Mynd 10: Mælihópar skriðaursmælinganna í stöðvum 20–30 ásamt öryggismörkum. Sýndar eru leitnilínur fyrir hvert mælitímabil ásamt heildarskriðaurslykli. 23

Mynd 11: Frávik skriðaurslykils fyrir stöðvar 20–30. 24

Mynd 12: Skriðaurslykill fyrir stöðvar 20–30 yfir allt rennslissviðið við Hjarðarhaga. 24

Mynd 13: Safntíðnirit kornastærðar fyrir skriðaurssýni tekin í júlí 2000. 27

Mynd 14: Safntíðnirit kornastærðar fyrir skriðaurssýni tekin í ágúst 2000. 28

Mynd 15: Ljósmyndin sýnir 1 kg steininn í kjafti skriðaurssýnatakans. 29

Mynd 16: Safntíðnirit kornastærðar fyrir skriðaurssýni tekin í júní 2001. 29

Mynd 17: Safntíðnirit kornastærðar fyrir skriðaurssýni tekin í ágúst 2001. 30

Mynd 18: Safntíðnirit kornastærðar fyrir skriðaurssýni tekin í október 2001. 30

Mynd 19: Meðalkornastærð og aðgreining júlí (A) og ágúst (B) sýna frá árinu 2000.. 32

Mynd 20: Meðalkornastærð og aðgreining júní (A), ágúst (B) og október (C) sýna frá árinu 2001. 33

Mynd 21: Rennsli (A), stöð (B) og þurrþyngd (C) sem fall af meðalkornastærð. 34

Töflulisti

Tafla 1: Yfirlit skriðaursmælinga árin 2000 og 2001. 16

Tafla 2: Niðurstöður útreikninga á heildarskriðaur. 25

Tafla 3: Stærð sigta sem voru notuð til þess að sigta skriðaur. Öll sigti voru notuð við sigtun allra sýna nema ágústsýna frá árinu 2000 þegar aðeins feitletruð sigti voru notuð. 27

Tafla 4: Niðurstöður kornastærðarmælinga svifaurssýna sem tekin voru á tímabili botnskriðsmælinga. 36

1 Inngangur

Jökulsá á Dal er ein vatnsmesta á Íslands og er vatnasvið hennar um 3700 km^2, þar af eru um 1410 km^2 á jökli (Mynd 1). Meðalrennsli hennar er 145 m^3/s, en á sumrin mælist rennsli hennar oft yfir 500 m^3/s og fer niður fyrir 30 m^3/s á veturna. Gífurlegur aurburður er í ánni á aðalleysingartíma Brúarjökuls í júlí og ágúst, en einnig getur aurburður aukist tímabundið í byrjun sumars (maí/júní) vegna vorflóða þegar snjó leysir á vatnasviði árinnar. Á veturna berst hins vegar mjög lítill aur fram með ánni.

Svifaursmælingar hafa verið gerðar við Hjarðarhaga (Mynd 1) síðan 1963 og hafa ágætis upplýsingar fengist um framburð svifaurs á þessum tíma. Skriðaur hefur hins vegar ekki verið mældur í ánni og hefur því lítið verið vitað um hversu stór þáttur hann er af heildarframburði árinnar. Fyrirhugað Hálslón, sem er hluti af Kárahnjúkavirkjun og mun ná frá Fremri Kárahnjúk og inn að Brúarjökli, mun stöðva stærstan hluta framburðar árinnar. Það er því mikilvægt að meta hversu mikill heildarframburður árinnar er, ekki aðeins með tilliti til umhverfismála, bæði í lónstæðinu og neðan Kárahnjúkastíflu, heldur einnig til að meta líftíma Hálslóns og hegðun setmyndunar innan þess. Í þessari skýrslu er niðurstöðum mælinga á botnskriði Jökulsár á Dal við Hjarðarhaga sumrin 2000 og 2001 lýst og reynt að meta hlut skriðaurs í heildarframburði árinnar.

Skýrslan var unnin af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Vatnamælingum Orkustofnunar fyrir Landsvirkjun í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Fyrir hönd VST unnu Hlín K. Þorkelsdóttir, Sigurður M. Garðarsson og Gunnar Guðni Tómasson að mælingum og túlkun niðurstaðna, en fyrir Vatnamælingar voru það Jórunn Harðardóttir og Ásgeir Gunnarson sem unnu að rannsókninni.



Mynd 1: Vatnasvið Jökulsár á Dal ofan Hjarðarhaga.

2 Mælingar við Hjarðarhaga

Vatnamælingar Orkustofnunar hafa rekið vatnshæðarmæli (vhm 110) við Hjarðarhaga í Jökulsá á Dal í tæp 40 ár. Þar er nú staðsettur rafdrifinn kláfur sem notaður hefur verið undanfarin ár við aurburðarsýnatöku og rennslismælingar í ánni. Jökla er um 90 m breið á þessum stað og þykir þversniðið vera nokkuð dæmigert fyrir ána á þessu svæði. Önnur handknúin strengjabraut er um 50 m ofan við rafdrifna kláfinn og eru rennslismælingar ýmist gerðar á henni eða á rafdrifna kláfnum. Í þessari rannsókn var bæði skriðaurs- og

svifaurssýnataka framkvæmd af rafdrifna kláfnum á meðan rennslismælingar voru gerðar á strengjabrautinni.

2.1 Aðstæður

2.1.1 Árið 2000

Tvær ferðir voru farnar sumarið 2000 að Hjarðarhaga við Jökulsá á Dal til að mæla skriðaur í ánni. Fyrri ferðin tók þrjá daga og var mælt frá 6.–8. júlí. Hin síðari var svo farin í lok ágúst (23.–24. ágúst) og var þá mælt í tvo daga. Í þessum tveimur ferðum náðist að mæla botnskrið við rennsli sem áin nær ekki til á 75 til 95 af hverjum 100 dögum.

Rennslið var nokkuð meira í ágúst en í júlí, en í báðum tilfellum var mikil sveifla innan daganna vegna jökulbráðnunar. Hin mikla dagsveifla í rennsli Jökulsár á Dal gerði það kleift að mæla botnskrið yfir tiltölulega vítt rennslissvið. Við hverja mælingu var vatnshæð við Hjarðarhaga lesin af sírita Vatnamælinga, sem staðsettur er á sýnatökustaðnum. Rennslislykill var svo notaður til að ákvarða rennsli.

Í júlí var minnsta rennsli sem botnskriðsmælingar voru framkvæmdar við um 240 m^3/s en mesta rennsli komst upp í tæpa 440 m^3/s á meðan á mælingum stóð. Hins vegar mældist mesta rennslið á mælingartímanum tæpir 500 m^3/s en þá hafði straumurinn tekið völdin og tekið með sér sýnatakann sem kom í veg fyrir frekari mælingar á skriðaur í þeirri ferð.

Á síðara mælitímabilinu var minnsta rennslið sem mælt var við um 320 m^3/s og var mælt þar til rennsli var komið upp í tæpa 480 m^3/s en þá var ekki lengur mögulegt að mæla í ánni sökum mikils straumhraða.

Veður á mælingartíma í júlí var ágætt, hæglætisvindur (2–10 m/s) og hiti á bilinu 7–16 °C. Skýjað var að mestu og smá skúrir fyrri hluta mælitímabilsins. Á síðari mælitímabilinu var veður ágætt, hæglætisvindur (2–10 m/s) og hiti á bilinu 10–16 °C. Skýjað var að mestu og smá skúrir seinni daginn.

2.1.2 Árið 2001

Árið 2001 voru farnar þrjár botnskriðsferðir að Hjarðarhaga. Fyrsta ferðin var farin 25.–26. júní í upphafi jökulleysingatímans, en dagana 22.–23. júní var fjöldi svifaurssýna tekinn á sama stað. Farið var í aðra ferðina 20. og 21. ágúst og í þriðju og þá síðustu 16.–17. október, þ.e. í lok jökulleysingatímans.

Mikill munur var á rennsli innan þessara þriggja ferða. Regluleg dagsveifla var komin í ána strax í júní en þá mældist minnsta rennsli á sýnatökutímanum 274 m^3/s en mesta rennsli 353 m^3/s. Rennslið var töluvert hærra í sýnatökuferðinni í ágúst og náði mest 454 m^3/s en var rúmum 100 m^3/s minna við lágmark dagsveiflu innan sýnatökutímans. Í október var dagsveiflan orðin óreglulegri þó enn væri hún greinileg (sjá t.d. skýrslu Jórunnar Harðardóttur og Ásgeirs Gunnarssonar frá 2002). Þessa daga var mælt við mun minna rennsli en áður hafði verið gert, eða frá 147 m^3/s til 290 m^3/s.

Í fyrstu ferðinni var veður hlýtt en nokkuð rigndi þann 26. júní. Fyrri daginn í júlí ferðinni rigndi mikið og mældist úrkoma á Brú 17 mm þennan sólarhring en hiti var um 12 °C. Í október var um 5 stiga hiti og gekk á með skúrum fyrri daginn.

2.2 Uppsetning mælitækja

2.2.1 Rennslismælingar

Vatnshæð í Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga (vhm 110) hefur verið mæld frá árinu 1963 af Vatnamælingum Orkustofnunar. Síriti er á staðnum sem skráir vatnshæðina og var hann ásamt rennslislykli notaður til að reikna út rennsli á meðan á botnskriðsmælingunum stóð.

2.2.2 Dýptarmælingar

Vatnsdýpi var mælt bæði í júlí og ágúst árið 2000 á þversniði undir rafdrifna kláfnum. Í fyrra skiptið var þversniðið mælt með bæði svifaurssýnataka og með sama tæki og notað var til botnskriðsmælinganna, það er Helley-Smith sýnataka. Í ágúst var eingöngu mælt með skriðaurssýnatakanum. Mælingarnar með svifaurssýnatakanum eru mun betri þar sem sá sýnataki er þyngri og berst ekki niður með straumnum eins og botnskriðssýnatakinn. Sama þversnið var einnig mælt með svifaurssýnataka nokkrum árið 2000 sumar í tengslum við svifaurssýnatöku og rennslismælingar (Ásgeir Gunnarsson o.fl. 2001).

Árið 2001 var stuðst við dýptarmælingar sem gerðar voru samtímis rennslismælingum enda eru þær mun nákvæmari en dýptarmælingar með botnskriðssýnataka. Þversnið árinnar undir rafdrifna kláfnum eru birt í skýrslu frá árinu 2002 um svifaurs- og rennslismælingar í Jökulsá á Dal (Jórunn Harðardóttir og Ásgeir Gunnarsson 2002).

2.2.3 Botnskriðsmælingar

Sýni af skriðaur voru tekin með Helley-Smith skriðaurssýnataka Vatnamælinga. Tvær mismunandi stærðir eru til af sýnatakanum. Minna tækið er með 7,62 x 7,62 cm^2 sýnatökuop og er 48 kg að þyngd, en stærra tækið er með tvöfalt stærra op (15,24 x 15,24 cm^2) og er 76 kg að þyngd. Skriðaurssýnatakinn var festur við spil á kláfnum og rafmagnsdrifinn mótor notaður til að keyra hann út í ákveðna fjarlægð frá árbakkanum. Sýnatakinn var núllstilltur á vinstri bakka farvegsins (nyrðri bakkinn), á stað sem er um 8 m frá árbakkanum (þessi fjarlægð er þó breytileg eftir rennsli í ánni). Botnskriðsmælingar voru framkvæmdar á sjö stöðum yfir þversniðið og var fyrsta sýnið tekið 20 m frá núllstillingu sýnatakans, en síðan með 10 m millibili.

Árið 2000 var minni sýnatakinn (7,62 x 7,62 cm^2) notaður við allar mælingar nema 10 mælingar sem teknar voru þegar rennslið var sem mest í ágúst. Vert er að geta þess að við mælingar í júlí var notað eldra tæki smíðað nákvæmlega eftir teikningu minna tækisins, en að öllum líkindum var það ekki nema um 15 kg að þyngd vegna mistaka í blýílagningu. Það tæki tapaðist þegar vírinn slitnaði við mælingar við hámarksrennsli á mælitímabilinu. Árið 2001 var minni sýnatakinn notaður í júní, en í ágúst og október voru báðir sýnatakarnir notaðir við sýnatökuna.



Mynd 2: Myndir af sýnatökunum við mælistaðinn á Hjarðarhaga, a) minni skriðaurssýnatakinn yfir ánni, b) stærri skriðaurssýnatakinn, og c) eldri og minni skriðaurssýnatakinn.

Mælingarnar gengu ágætlega fyrir sig og tók hver mæling að jafnaði 10–15 mín. Sýnatakinn var látinn sitja á botninum í ýmist 30 eða 60 s í senn og var svo hífður upp og efnið sem kom í pokann vegið.

Í hverri stöð var tekið eitt núll-sýni þar sem sýnatakinn var látinn síga niður á botn og tekinn strax upp aftur til þess að mæla það efni sem kemur í sýnataka á meðan tækið er á ferð í gegnum vatnsbolinn og jafnframt það efni sem kemur í tækið þegar það sest á botninn. Á bilinu 100–200 g komu í tækið við núll-sýnatöku og var sú þyngd dregin frá því magni sem kom í pokann við venjulega mælingu.

Á árinu 2000 náðist á fyrra mælitímabilinu að taka samtals um 120 sýni með minni sýnatakanum og í ágúst var mælt um 100 sinnum með minni sýnatakanum og 10 sinnum með þeim stærri. Átján þessara sýna voru síðan kornastærðargreind með þurrsigtun á aurburðarstofu Vatnamælinga, þ.e. 10 sýni úr júlísyrpunni og 8 sýni úr ágústsyrpunni. Reynt var að safna sýnum til kornastærðarmælinga bæði við lágmark og hámark dægursveiflunnar. Áttatíu og fimm sýni voru tekin með minni sýnatakanum í júní 2001, 100 sýni í ágústferðinni sama ár, þar af 50 sýni með stóra sýnatakanum, og að lokum voru 56 sýni tekin með stóra sýnatakanum og 60 sýni með þeim minni í október 2001. Sýnum var safnað til kornastærðargreininga árið 2001 eins og fyrra árið, 9 sýni í júní, 14 sýni í ágúst og 6 sýni í október.

Erfiðara var að nota stærri sýnatakann og tók hver mæling lengri tíma. Svo virtist einnig sem fíngerðasti hluti efnisins frussaðist út úr sýnatakanum þegar hann var hífður upp vegna mikils öldugangs og stórs sýnatakaops. Sýnatökupokinn yfirfylltist nokkrum sinnum og þá einna helst 40, 50 og 60 m frá bakka.

Við hátt rennsli kom afdrif á vírinn og færði straumurinn þá sýnatakann um 2–3 m niður eftir ánni frá þversniðinu. Einnig var tekið eftir því að sýnatakinn virtist stundum skoppa eitthvað eftir botninum áður en hann náði að setjast á botninn.

Notast var við blautþyngd sýnanna við alla útreikninga á botnskriði í þessari skýrslu þar sem ekki reyndist unnt að safna og þurrka öll sýnin sem voru tekin. Hins vegar er hægt að nálgast muninn á blautþyngd og þurrþyngd sýnanna með því að skoða

kornastærðargreindu sýnin. Í 15 sýnum af 18 var munurinn minni en 12%, og þar af innan við 6% í helmingi þeirra. Munurinn jókst með minni sýnum og var mestur rúmlega 50% í langminnsta sýninu.

2.2.4 Svifaursmælingar

Svifaurssýni voru tekin í öllum mælingaferðum nema í ágústferðinni 2001. Þann 8. júlí 2000 voru þrjú sýni tekin úr Jökulsá á Dal, þar af eitt sýni af rafdrifna kláfnum við Hjarðarhaga, en tvö sýni af hefðbundnum svifaurssýnatökustað við brú um 2 km ofar við ána. Ekki reyndist mögulegt að taka fleiri svifaurssýni í þessari ferð þar sem vírinn slitnaði vegna þunga skriðaurssýnatakans. Sex sýni voru tekin við Hjarðarhaga í seinni mælingarferðinni árið 2000, þar af þrjú af þversniði undir rafdrifna kláfnum, en þrjú af brúnni ofar við ána. Í mælingarferðum árið 2001 var dreifing svifaurssýnanna ekki jafn góð og áætlað hafði verið við skipulagningu sýnatökunnar. Tíu sýni voru tekinn 2–3 dögum áður en botnskriðsmælingarnar fóru fram í júní (fimm af brú og fimm af kláfi), engin sýni voru tekin í ágústferðinni, en átta sýni, þar af fjögur af kláfi, voru tekin í október. Öll sýnin voru kornastærðargreind á aurburðarstofu Vatnamælinga.

Þessi svifaursýni voru notuð til þess að meta betur skilin á milli skriðaurs og svifaurs, þ.e. hvaða kornastærðir ferðast um í vatnsbolnum sjálfum miðað við það efni sem berst fram með botni. Skilin þarna á milli eru mjög breytileg eftir rennsli árinnar og öðrum aðstæðum í vatnsbolnum s.s. seigju vatnsins og eðlisþyngd kornanna.

Til þess að meta svifaursframburð árinnar er hins vegar stuðst við nýjan aurburðarlykil sem gerður hefur verið fyrir svifaursframburð í Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga og byggir hann á mælingum á svifaur undanfarin 40 ár (Svanur Pálsson o.fl. 2000). Í þeirri skýrslu má finna frekari upplýsingar um framburð og kornastærð svifaurs í Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga.

3 Niðurstöður

3.1 Niðurstöður rennslis- og dýptarmælinga

3.1.1 Mælt rennsli

Á Mynd 3 er rennsli Jökulsár á Dal við Hjarðarhaga (vhm 110) sýnd fyrir árin 1999–2001 og eru sýnatökudagar botnskriðs merktir inn á myndina. Til samanburðar er meðalrennsli fyrir árin 1950–1994 einnig sýnt. Greinilegt er að rennslið er talsvert mismunandi milli ára. Til dæmis var mesta dagsrennsli árið 2000 mun hærra heldur en bæði árin 1999 og 2001. Einnig má sjá að vorflóðin 1999 og 2000 voru miklu stærri en árið 2001. Myndin sýnir einnig glögglega hvaða rennslisaðstæður voru ríkjandi þegar botnskriðsmælingarnar voru framkvæmdar. Fyrri mælisyrpan sumarið 2000 var tekin þegar rennsli í ánni var að aukast (um 340 m^3/s) og náði rennslið hámarki um 2 vikum síðar (um 850 m^3/s). Seinni mælisyrpan var tekinn um 4 vikum eftir að rennslið í ánni náði hámarki (um 420 m^3/s). Fyrri mælisyrpan árið 2001 var einnig tekin þegar rennslið var að aukast (um 320 m^3/s) og sú síðari um 7 vikum síðar, einnig þegar rennslið var að aukast (um 400 m^3/s). Haust mælisyrpan árið 2001 er síðan tekin við mun minna rennsli eða á bilinu 150–200 m^3/s. Myndin sýnir meðaldagsrennsli dagana sem mælt var en eins og Tafla 1 sýnir er talsverð dægursveifla flesta dagana sem mælt var.

Erfitt er að draga einhverjar ákveðnar ályktanir út frá rennslinu þar sem mæliferðirnar eru of fáar en þó er rétt að hafa rennslismyndina í huga þegar niðurstöður skriðaursmælinganna eru skoðaðar hér á eftir.



Mynd 3: Meðaldagsrennsli Jökulsár á Dal við Hjarðarhaga 1999-2001 ásamt meðaltali áranna 1950-1994.

3.1.2 Mælt þversnið og dýpi

Dýptarsnið voru mæld í júlí og ágúst 2000 samtímis botnskriðsmælingum og eru sniðin, ásamt sniði sem tekið var í apríl sama ár, sýnd á Mynd 4. Dýptarsniðin sem mæld voru með skriðaurssýnatakanum reyndust ónothæf þar sem tækið rak með straumnum og gaf þar af leiðandi of mikið dýpi. Sniðin í apríl og júlí eru svipuð og hefur botninn aðeins breyst lítillega á milli mælinganna. Hinsvegar er miðjuhluti farvegsins u.þ.b. 80 cm dýpri í ágústmælingunni, sem er gerð við um 100 m^3/s meira dagsrennsli en júlímælingin og eftir að sumarhámarki í rennsli var náð eins og Mynd 3 sýnir. Farvegurinn hefur síðan dýpkað þegar líða tók á sumarið. Út frá þessum mælingum má álykta að á botninum sé tæplega 1 m lag af framburði sem aðeins fer á hreyfingu eftir að ákveðnum straumhraða er náð við ákveðið rennsli. Sniðið er ekki alveg samhverft og er heldur meira rennsli í hægri hluta sniðsins, sérstaklega fyrir grynnri sniðin (apríl og júní snið). Þetta er í samræmi við lögun farvegarins, sem er að rétta úr sér eftir beygju ofan við sýnatökustaðinn.

Fleiri farvegasnið við Hjarðarhaga má finna í skýrslum Orkustofnunar um niðurstöður rennslis og aurburðar við Hjarðarhaga árin 2000 og 2001 (Ásgeir Gunnarsson o.fl., 2001, Jórunn Harðardóttir og Ásgeir Gunnarsson, 2002).



Mynd 4: Þrjú dýptarsnið í Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga mæld árið 2000. Upphafspunktur dýpis er miðaður við hæsta vatnsborð sem mælt var samhliða rennslismælingu árið 2000, eða 377 cm. Einnig er sýnt vatnsborð við mælingu dýptarsniðanna.

3.2 Niðurstöður botnskriðsmælinga

Botnskrið var mælt sumarið 2000 og sumarið og haustið 2001. Alls voru farnar fimm ferðir og mælt í 2–3 daga í hvert sinn. Tafla 1 gefur yfirlit yfir ferðirnar og hversu oft var mælt í hvert sinn og á hverri stöð. Alls voru teknar 539 mælingar. Ljósmyndir af völdum sýnum eru sýndar á Myndum V-1 til V-7 í viðauka.

Tafla 1: Yfirlit skriðaursmælinga árin 2000 og 2001.

2000				2001			
Mælitímabil	Stöð*	Fjöldi mælinga	Mesta / minnsta rennsli	Mælitímabil	Stöð*	Fjöldi mælinga	Mesta / minnsta rennsli
6.–8. júní	20	13	400 / 279	25.–26. júní	20	12	349 / 276
	30	13	400 / 279		30	12	349 / 274
	40	21	404 / 268		40	12	351 / 276
	50	17	396 / 247		50	13	351 / 276
	60	19	396 / 241		60	12	353 / 276
	70	21	436 / 241		70	12	353 / 276
	80	13	427 / 244		80	12	353 / 279
Alls		117		Alls		97	
23.–24. ágúst	20	14	478 / 321	20.–21. ágúst	20	16	400 / 347
	30	14	473 / 329		30	16	409 / 349
	40	15	473 / 329		40	16	409 / 349
	50	16	480 / 333		50	12	359 / 349
	60	17	483 / 325		60	12	361 / 349
	70	17	473 / 321		70	16	454 / 349
	80	16	473 / 321		80	12	383 / 347
Alls		109		Alls		100	
				16.–17. október	20	15	217 / 147
					30	15	216 / 149
					40	18	213 / 149
					50	18	208 / 149
					60	18	203 / 150
					70	18	199 / 150
					80	14	192 / 150
				Alls		116	

* Stöðvanúmer eiga við metra frá 0-punkti við vatnamælingahús á vinstri bakka árinnar.

Á Mynd 5 eru niðurstöður allra mælinganna sýndar, sem magn skriðaurs á sekúndu á metra sem fall af rennsli. Myndin sýnir að dreifing mælinganna er mikil, allt að því slembin innan þess sviðs sem mælt var, sérstaklega fyrir hærri rennslisgildin. Það má þó greina tilhneigingu til aukins aurburðar með rennsli en engu að síður er ljóst að mikill breytileiki er til staðar í mælingunum þegar mælisafnið er skoðað í heild eins og myndin sýnir.



Mynd 5: Mældur skriðaursframburður við Hjarðarhaga árin 2000 og 2001. Rúmlega 500 sýni voru tekin.

Mælingarnar voru teknar á sjö stöðvum í þversniðinu, eins og kemur fram í Töflu 1. Á Mynd 6 eru allir mælipunktarnir teiknaðir (eins á Mynd 5) en nú litaðir eftir því á hvaða stöð mælingin var tekin (þversniðið er sýnt á Mynd 4). Aftur má sjá mikinn breytileika í gögnunum en þó kemur fram að mælingarnar eru aðgreinanlegar eftir stöðvum. Myndin sýnir leitnilínur fyrir hverja stöð á forminu $q_s = a \cdot Q^b$, þar sem q_s er mældur skriðaur á sekúndu á breiddarmetra, Q er mælt rennsli og a og b eru fastar. Fyrir allar stöðvarnar sýna línurnar að aurburðurinn eykst með rennsli. Stöðvar 50, 60 og 70 hópast saman og gefa mestan aurburð fyrir gefið rennsli. Þessar þrjár stöðvar eru í miðju farvegarins, þar sem búast má við mesta aurburðinum. Leitnilínan fyrir stöð 40 gefur aðeins minni aurburð og þar rétt neðar er línan fyrir stöð 80. Mun neðar, og nálægt hvor annarri eru svo stöðvar 20 og 30. Þessi flokkun er mjög í takt við lögun þversniðsins og því má draga þá ályktun að mælingarnar nái a.m.k. að lýsa dreifingu botnskriðsins innan þversniðsins.

Byggt á greiningunni sem sýnd er á Mynd 6 er stöðvunum skipt í tvo flokka. Í öðrum flokknum eru stöðvar 40 til 80, alls 50 breiddarmetrar og í hinum flokknum stöðvar 20 og 30, alls 20 breiddarmetrar. Í eftirfarandi greiningu verður þessi flokkun notuð til að meta skriðaursmagn sem fer í gegnum sniðið, þ.e., gert verður ráð fyrir að

meðhöndla megi mælingarnar óháð því í hvaða stöð mælingin var tekin, annars vegar fyrir stöðvar 40 til 80 og hins vegar fyrir stöðvar 20 til 30.

Mælingarnar fyrir stöðvar 40 til 80 eru flokkaðar eftir tíma og rennsli í Viðauka. Hver flokkur samanstendur af 4–20 mælingum sem eru teknar yfir tiltölulega stutt tímabil (yfirleitt minna en 3 klst.) þannig að rennslisbreytingin yfir tímabilið er minna en 6–7%. Þessi flokkun gefur 8 mælihópa fyrir júlí 2000, 8 mælihópa fyrir ágúst 2000, 4 mælihópa fyrir júní 2001, 7 mælihópa fyrir ágúst 2001 og 5 mælihópa fyrir október 2001, eða 32 mælihópa alls. Niðurstöður fyrir þessa mælihópa eru sýndar á Mynd 7 ásamt leitnilínum (eins og áður á forminu $q_s = a \cdot Q^b$) fyrir hvert mælitímabil. Einnig er 90% öryggisbil teiknað með hverjum mælipunkti til að gefa hugmynd um dreifingu mæligildanna innan hvers mælihóps.

Mælisyrpan í júlí 2000 (rauðir fylltir hringir) sýnir að skriðaurinn eykst með rennsli. Leitnilínan lendir innan öryggismarka allra punktana utan eins. Svipaða sögu má segja um mæligildin í ágúst 2000 (rauðir opnir hringir). Samanburður milli þessara tveggja mælitímabila sýnir glögglega að skriðaurinn mældist minni í ágúst en júlí þar sem allir mælipunktarnir í ágúst liggja neðar en júlí punktarnir fyrir sambærilegt rennsli.

Í mælisyrpunni í júní 2001 eru aðeins 4 mælihópar (bláir fylltir hringir). Þrír af þeim voru teknir við nánast sama rennsli (280–290 m^3/s) og gefa nánast sama meðal aurburð. Fjórði punkturinn er tekin við um 340 m^3/s rennsli og gefur talsvert hærri aurburð. Leitnilínan gefur því mikla hækkun með rennsli en öryggisbilið fyrir fjórða punktinn inniheldur þó nánast hina þrjá. Mælisyrpan í ágúst 2001 (bláir opnir hringir) gefur frekar óvissa mynd af aurmagninu. Mælihóparnir 6 (af 7) sem teknir eru við lægri rennslisgildin eru á tiltölulega þröngu rennslisbili og með stór öryggismörk. Síðasti mælihópurinn er tekinn við um 450 m^3/s rennsli og gefur mikinn aurburð. Öryggismörkin fyrir hann eru þó mjög stór enda byggir hann aðeins á fjórum mæligildum. Efsti punkturinn leiðir-til þess að leitnilínan er vaxandi með rennsli.

Mælisyrpan í október (bláir opnir ferningar) var tekin sérstaklega til að mæla skriðaur við tiltölulega lítið rennsli. Mælihóparnir eru 5 og spanna um 60 m^3/s svið. Mælingarnar vaxa með rennsli og hafa tiltölulega þröng öryggismörk. Mælisyrpan sýnir greinilega að við lítið rennsli er skriðaurinn miklu minni en við hærra rennsli.

Samanburður á milli áranna sýnir að mælipunktarnir fyrir árið 2000 (rauðu punktarnir) liggja mun neðar en mælipunktarnir fyrir árið 2001 (bláu punktarnir). Þetta gefur til kynna að framburður skriðaurs árið 2001 hafi verið mun meiri en árið 2000. Einnig má sjá að mælingarnar fyrri hluta sumars (fylltir punktar) liggja mun ofar en mælipunktar seinni hluta sumars (opnir punktar) sem gefur til kynna að framburður skriðaurs seinni hluta sumar sé minni en fyrri hluta sumars. Það er því ljóst að breytileiki skriðaurs er ekki aðeins innan mælihópa (sést af vídd öryggismarkanna) heldur er breytileikinn einnig mikill innan sumarsins og milli ára. Þessi mikli breytileiki í botnskriðinu, sem glögglega kemur fram í gögnunum, sýnir að nauðsynlegt er að mæla botnskriðið oft til þess að möguleiki sé að ná utan um breytileikann. Mælingarnar 539 sem gerðar voru 2000 og 2001 nálgast þetta markmið. Skriðaursmælingar voru einnig gerðar sumarið 2002 en ekki er enn búið að fullvinna gögn úr þeim en búast má við að þær muni bæta matið á skriðaursframburði og verður fróðlegt að sjá hvar þær lenda inn á Mynd 7.

Breytileiki skriðaursframburðar getur stafað af mörgum samverkandi ástæðum. Ljóst er að það náttúrulega ferli sem flytur aur fram með árbotni er ekki samfellt heldur háð

mörgum slembnum breytum sem nánast ómögulegt er að greina, til dæmis iðustreymi við botninn. Dægursveifla rennslis yfir sumartímann leiðir sennilega til þess að flutningur aurs við botninn verður enn óreglulegri. Aðgangur árinnar að efni til að flytja skiptir einnig miklu máli og spilar aurasvæðið neðan Dimmugljúfra þar vafalaust stórt hlutverk. Aurarnir miðla skriðaurnum að einhverju leyti og stjórna þannig aðgangi árinnar að efni. Breytileiki árinnar á aurunum skiptir því vafalítið máli, sérstaklega þegar horft er til breytinga milli mánaða og ára. Það er því ljóst að ástæður breytileika í gögnunum eru nægar frá náttúrunnar hendi. Ofan á þennan breytileika má síðan bæta breytileika vegna mælinganna sjálfra en ljóst er að í straumharðri á eins og Jökulsá á Dal er ekki að búast við að allar mælingar séu sambærilegar þar sem sýnatakinn getur til dæmis lent í mismunandi aðstæðum á botninum.

Þó breytileikinn sé mikill í gögnunum þá kemur ákveðin fylgni fram eins og Mynd 7 sýnir. Til dæmis er mælihópurinn fyrir júlí 2000 mjög samkvæmur sjálfum sér. Sterkasta leitnin sem gögnin sýna er aukning aurburðar með rennsli sem er það sem búast mátti við fyrirfram. Líkan með skriðaurslykil á forminu $q_s = a \cdot Q^b$ er því fellt að öllum mælihópunum. Besta líkanið gefur a = $2{,}89 \cdot 10^{-4}$, og b = 2,50. Skriðaurslykill á þessu formi er sýndur á Mynd 7 sem svört þykk lína. Línan þræðir milli áranna tveggja og fellur vel að október mælihópunum. Einnig fellur hún í rúmlega helmingi tilfella innan öryggismarka fyrir mælihópana. Frávik (e. residuals) líkansins eru sýnd á Mynd 8 og gefur dreifing frávikanna ekki tilefni til að hafna slíku líkani af magni skriðaurs.

Skriðaursmælingarnar voru gerðar við rennsli frá um 150 m^3/s upp í tæpa 500 m^3/s. Þetta rennslisbil er aðeins neðri helmingur af því sviði sem rennslismælingarnar við Hjarðarhaga spanna, en mesta mælda rennsli við Hjarðarhaga er um 1000 m^3/s. Mynd 9 varpar ljósi á hvernig lykillinn hagar sér við hærri rennsli. Það er í sjálfu sér ekkert sem mælir gegn því að lykill sé vaxandi með sama veldisvísi (2,50) upp í 1000 m^3/s ef botnskriðið væri aðeins háð rennsli, en hann gæti einnig orðið flatari við hærri rennsli ef botnskriðið takmarkast af framboði við mjög hátt rennsli. Afleiðingar af þessu eru ræddar frekar hér á eftir þegar mat er lagt á heildarskriðaursmagn út frá skriðaurslyklinum.



Mynd 6: Mældur skriðaursframburður við Hjarðarhaga árin 2000 og 2001 flokkaður eftir stöðvum. Leitnilínur fyrir hverja stöð eru sýndar.



Mynd 7: Mælihópar skriðaursmælinganna í stöðvum 40–80 ásamt öryggismörkum. Sýndar eru leitnilínur fyrir hvert mælitímabil ásamt heildarskriðaurslykli.



Mynd 8: Frávik skriðaurslykils fyrir stöðvar 40–80.



Mynd 9: Skriðaurslykill fyrir stöðvar 40–80 yfir allt rennslissviðið við Hjarðarhaga.

Mælingarnar í stöðvum 20 og 30 voru greindar á sama hátt. Mynd 10 sýnir mælihópana með leitnilínum. Greinilegt er að skriðaurinn er miklu minni í þessum stöðvum samanborið við hinar stöðvarnar. Skriðaursframburðurinn eykst greinilega með auknu rennsli en aftur er mikil dreifing innan einstakra mælihópa. Svipaður munur kemur einnig fram milli mælitímabila og áður, það er, skriðaurinn mælist meiri árið 2001 en 2000 og eins er meiri framburður. Eini munurinn er að árið 2000 mælist minni framburður í júlí en ágúst. Eins og áður er sett fram líkan af magni skriðaurs á forminu $q_s = a \cdot Q^b$ er fellt að öllum mælihópunum. Besta líkanið gefur $a = 3{,}41 \cdot 10^{-8}$, og $b = 3{,}59$. Skriðaurslykill á þessu formi er sýndur á Mynd 10 sem svört þykk lína. Línan þræðir milli áranna tveggja og fellur vel að október mælihópunum. Einnig fellur hún í meirihluta tilfella innan öryggismarka fyrir mælihópana. Frávik líkansins eru sýnd á Mynd 11 og gefur dreifing frávikanna ekki tilefni til að hafna slíku líkani af magni skriðaurs. Aftur er vakin athygli á því að skriðaursmælingarnar voru gerðar við rennslis frá um 150 m^3/s upp í tæpa 500 m^3/s. Þetta rennslisbil er aðeins neðri helmingur af því svið sem rennslismælingarnar við Hjarðarhaga spanna, en mesta mælda rennsli við Hjarðarhaga er um 1000 m^3/s. Mynd 12 varpar ljósi á hvernig lykillinn hagar sér við hærri rennsli.



Mynd 10: Mælihópar skriðaursmælinganna í stöðvum 20–30 ásamt öryggismörkum. Sýndar eru leitnilínur fyrir hvert mælitímabil ásamt heildarskriðaurslykli.



Mynd 11: Frávik skriðaurslykils fyrir stöðvar 20–30.



Mynd 12: Skriðaurslykill fyrir stöðvar 20–30 yfir allt rennslissviðið við Hjarðarhaga.

3.2.1 Heildarmagn skriðaurs

Út frá þessari greiningu er heildarbotnskrið Jökulsár á Dal við Hjarðarhaga reiknað. Skriðaurslyklunum er beitt á rennslisraðir Vatnaskila frá 1950–1994 (Vatnaskil, 2000). Niðurstöður reikninganna er að finna í Töflu 2. Meðal árlegur skriðaursframburður reynist vera rúmlega 400 þús. tonn á ári.

Tafla 2: Niðurstöður útreikninga á heildarskriðaur.

Stöð	Breidd (m)	Árlegt botnskrið (þús. tonn)	Hlutfall skriðaursframburðar við rennsli < 100 m^3/s % (fj. daga í %)	Hlutfall skriðaursframburðar við rennsli á bilinu 100-500 m^3/s % (fj. daga í %)	Hlutfall skriðaursframburðar við rennsli > 500 m^3/s % (fj. daga í %)
40–80	50	402			
20–30	20	15	1 (57)	66 (39)	33 (4)
Samtals	70	417			

Til að varpa ljósi á við hvaða rennslisaðstæður skriðaurinn berst fram þá er hlutfall botnskriðs á mismunandi rennslisbilum sýnt. Eins og búast mátti við berst óverulegur hluti skriðaursins (um 1%) fram við rennsli minna en 100 m^3/s, en um 57% af tímanum er rennslið undir 100 m^3/s. Jafnvel þó engar skriðaursmælingar séu til fyrir rennsli undir 100 m^3/s þá gefa október mælingarnar 2001 það til kynna að engin ástæða sé til að efast um að botnskriðið sé óverulegt fyrir slíkt rennsli. Við rennsli frá 100 til 500 m^3/s (um 39% af tímanum) berst um 66% af aurnum fram. Þetta rennslisbil er það sem mælingarnar ná yfir og eru því gögnin áreiðanlegust fyrir þetta tímabil. Fyrir rennsli hærra en 500 m^3/s (um 4% af tímanum) berst um 33% af skriðaurnum fram. Engar skriðaursmælingar eru til fyrir þetta rennslisbil en mesta rennsli samkvæmt rennslisröðum Vatnaskila er tæplega 1000 m^3/s. Þar sem engar skriðaursmælingar eru til fyrir rennsli meira en 500 m^3/s þá ríkir ákveðin óvissa um hvort lengja megi lykillinn eins og Mynd 9 sýnir. Það er hugsanlegt að áin beri fram minna magn heldur en reiknað er fyrir þetta rennslisbil þar sem lenging á lyklinum gerir ráð fyrir að engin takmörk séu á framboði af efni, en líklegt er að við mjög hátt rennsli takmarkist botnskriðið af aurframboði. Ekki hefur verið unnt að mæla botnskrið við hærra rennsli en tæplega 500 m^3/s þar sem áin er þá einfaldlega of straumhörð fyrir sýnatökubúnaðinn. Því verður útreikningurinn að ofan notaður, en líklegt má telja að hann sé varfærinn með tilliti til magns, það er, líklegt er að magnið sé frekar ofmetið á efsta rennslisbilinu.

3.2.2 Samanburður inntaksopa á sýnatökum

Mælingarnar árið 2000 voru gerðar með skriðaurssýnataka sem hefur 7 x 7 cm^2 inntaksop. Eftir mælingarnar það sumar fór fram umræða um hvort þetta op væri of lítið til að ná öllum skriðaurnum, það er, að skriðaurslagið væri þykkara en 7 cm. Því var ákveðið að nota einnig sýnataka með 15 x 15 cm^2 inntaksopi sumarið 2001 og bera mælingar með honum saman við minni sýnatakann. Þetta var gert á kerfisbundinn hátt, það er, tekin voru sýni til skiptis með sýnatökunum.

Tölfræðigreining var gerð á tveimur mælisyrpum, alls um 40 sýni, til að meta hvort munur væri til staðar. Greiningin byggir á að setja fram þá kenningu að meðaltal beggja hópanna sé það sama og síðan athugað með t-prófi hvort hafna eigi slíkri kenningu. Í stuttu máli þá leiddi tölfræðiathugunin í ljós að ekki var hægt að hafna því að meðaltölin væru þau sömu. Niðurstaðan er því sú að ekki skiptir máli hvor sýnatakinn er notaður. Þetta bendir því til þess að skriðaurslagið sé almennt ekki þykkara en 7 cm eða þá að dreifni mælinganna af öðrum ástæðum yfirgnæfi muninn á milli sýnatakanna. Það er þó rétt að vekja athygli á því að í báðum samanburðarhópunum var fervikið umtalsvert lægra fyrir stærri mælinn sem bendir til að dreifni mælinganna sé minni þegar hann er notaður.

3.2.3 *Umhverfismat Kárahnjúkavirkjunar*

Þegar mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar var gert var aðeins búið að mæla botnskrið sumarið 2000. Þessi skýrsla var þá aðeins tilbúin í drögum og vitnað var í hana sem slíka. Niðurstöður um magn botnskriðs voru notaðar m.a. í skýrslum um Aurburð og setmyndun í lónum (VST, 2001a) og um rof strandarinnar við Héraðsflóa (VST, 2001b). Miðað við þau gögn sem til staðar voru á þeim tíma þótti rétt að meta skriðaurinn á mjög varfærinn hátt þannig að áhrif þess að halda aurnum eftir í Hálslóni yrðu ekki vanmetin. Þetta átti til dæmis við um hörfun strandarinnar við Héraðsflóa, fyllingartíma Hálslóns og fleira. Niðurstaðan var að gera ráð fyrir rúmlega 3 milljónum tonna af botnskriði á ári og með því var tryggt að náttúran nyti vafans í mati á botnskriði í umhverfismatinu.

Í ljósi þeirrar uppfærðu greiningar sem rakin er hér að framan (byggir á mælingum fyrir árin 2000 og 2001) er ljóst að matið á skriðaurnum í umhverfismatinu var mjög varfærið. Líklegasta matið á skriðaur samkvæmt ofangreindum mælingum er tæplega hálf milljón tonn á ári. Með tilliti til óvissunnar í aurburðarmælingunum þá væri varfærið mat á skriðaur um 1 milljón tonn á ári, sem er um tvisvar sinnum meira en reiknuð niðurstaða hér að framan, en aðeins þriðjungur þess sem notað var í umhverfismatinu. Afleiðing þessarar minnkunar botnskriðs eru heldur minni umhverfisáhrif en fram koma í mati á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Til dæmis myndi þetta þýða, lauslega reiknað, að Hálslón fyllist af aur á rúmlega 500 árum (helmingunartími rúmlega 250 ár) í stað þess að í umhverfismatinu var reiknað með að fylling þess tæki um 400 ár (helmingunartími um 200 ár).

3.2.4 *Kornastærðargreining skriðaurssýna*

Sýni voru tekin af skriðaur til kornastærðargreiningar og var reynt að taka sýni bæði við lág- og hárennsli. Árið 2000 voru 10 sýni tekin í júlí og 8 sýni í ágúst, en árið 2001 voru 9 sýni tekin í júní, 14 sýni í ágúst og 6 sýni í október. Öll sýnin voru kornastærðargreind á aurburðarstofu Vatnamælinga. Sýnasyrpan frá ágúst 2000 var sigtuð með öðru hverju sigti (heil phi gildi) og sýnir Tafla 3 stærðir sigtanna, en öll önnur sýni voru sigtuð með öllum sigtunum. Í töflu 3 má einnig sjá samanburð á kornastærð í mm annars vegar og phi (ϕ) gildum hins vegar, en tengsl þessara breyta er lýst með $\phi = -\log_2(d)$ þar sem d er þvermál korna í mm.

Tafla 3: Stærð sigta sem voru notuð til þess að sigta skriðaur. Öll sigti voru notuð við sigtun allra sýna nema ágústsýna frá árinu 2000 þegar aðeins feitletruð sigti voru notuð.

Stærð sigtis mm	phi (ϕ)	Stærð sigtis mm	phi (ϕ)
128	**-7,0**	**2,00**	**-1,0**
90,5	-6,5	1,40	-0,5
64,0	**-6,0**	**1,00**	**0,0**
44,8	-5,5	0,70	0,5
32,0	**-5,0**	**0,50**	**1,0**
22,4	-4,5	0,35	1,5
16,0	**-4,0**	**0,250**	**2,0**
11,2	-3,5	0,177	2,5
8,00	**-3,0**	**0,125**	**3,0**
5,60	-2,5	0,088	3,5
4,00	**-2,0**	**0,063**	**4,0**
2,80	-1,5	<0,063	4,5

Mynd 13 sýnir safntíðnirit fyrir júlí sýni 2000 og sést að stöðvarnar í miðjunni, 50, 60, 70 m, hafa hlutfallslega grófasta efnið sem samræmist vel niðurstöðum um skriðaursframburð sem sýna að flutningur á efni er mestur á þessum stöðvum. Sýnið frá stöð 20 m inniheldur fínasta efnið enda er það sýni einnig tekið við tiltölulega lágt rennsli. Sýnið frá stöð 80 m er einnig mjög fínt jafnvel þó að rennslið sé tiltölulega hátt í því tilfelli (427 m^3/s). Á Mynd 13 sést að magn skriðaurs frá stöð 80 var lítið í flestum júlí sýnum sem bendir til þess að straumur við botn hafi verið tiltölulega lítill á þessari stöð en það útskýrir fíngerða efnið í greinda sýninu.



Mynd 13: Safntíðnirit kornastærðar fyrir skriðaurssýni tekin í júlí 2000.

Mynd 14 sýnir kornastærðardreifinguna fyrir sýnin sem voru tekin í ágúst 2000. Myndin sýnir svipaða dreifingu efnis og júlí sýnin en þó er dreifingin innan miðjustöðvanna þriggja talsverð. Fíngerðasta sýnið, stöð 60 m við tiltölulega hátt rennsli, sýnir að möguleikar á að fá sýni sem er langt utan meðaltalsins eru fyrir hendi, enda sýna flestar skriðaursrannsóknir að skriðaur ferðast ekki samfellt niður ár. Mjög gróft efni kom stundum í sýnatakann og má sem dæmi nefna 1 kg stein sem kom við eina mælinguna 70 m frá bakka (Mynd 15). Steinninn var um 7 x 7 x 11 cm^3 en op sýnatakans er 7,62 x 7,62 cm^2. Algengt var að fá 200–500 g steina í sýnataka í stöðvum 40, 50, 60 og 70 m.



Mynd 14: Safntíðnirit kornastærðar fyrir skriðaurssýni tekin í ágúst 2000.



Mynd 15: Ljósmyndin sýnir 1 kg steininn í kjafti skriðaurssýnatakans.

Á Mynd 16 sjást safntíðniferlar fyrir sýni sem tekin voru 25. og 26. júní 2001. Tvö sýni skera sig sérstaklega út, þ.e. sýni sem tekin voru á stöðvum 20 og 30 m. Grófasta sýnið var hins vegar tekið í stöð 60 m. Ekki virðist vera áberandi munur á milli sýna sem tekin voru á sömu breiddum við mismunandi rennsli eins og sést á sýnum frá stöðvum 40 og 50 m sem tekin voru annars vegar við um 280 m^3/s og hins vegar við rennsli í kringum 350 m^3/s.



Mynd 16: Safntíðnirit kornastærðar fyrir skriðaurssýni tekin í júní 2001.

Kornastærðardreifing sýna sem tekin voru í ágúst 2001 er sýnd á Mynd 17. Sýnin af 20 og 30 m stöðvunum eru fíngerðust ásamt einu sýni af 50 m og öðru af 80 m. Önnur sýni

af 50 og 80 m eru hins vegar mun grófari. Þessi mismunandi grófleiki sýna frá sömu stöð sýnir vel hversu breytilegt efnið er sem ferðast niður ána sem skriðaur.



Mynd 17: Safntíðnirit kornastærðar fyrir skriðaurssýni tekin í ágúst 2001.

Safntíðnirit fyrir októbersýnin frá 2001 eru sýnd á Mynd 18. Það er áberandi að í þeim vantar fíngerðasta hlutann (<0,2 mm) sem er til staðar í öllum hinum skriðaurssýnunum. Þetta sýnir væntanlega að jökulleysing með tilheyrandi fínefni hefur verið mjög lítil enda er rennsli mun minna en í fyrri ferðum. Efnið er einnig að jafnaði fíngerðara á stöðvum 40–70 m en í fyrri ferðum, hins vegar voru ekki tekin sýni á 20, 30 og 80 m þar sem fíngerðustu sýnin hafa oftast verið tekin.



Mynd 18: Safntíðnirit kornastærðar fyrir skriðaurssýni tekin í október 2001.

